



Flugsafn Íslands
Akureyrarflugvelli, 600 Akureyri
flugsafn@flugsafn.is • 4614400

Akureyri, 2. september 2021

**Kristinn J. Reimarsson sviðsstjóri samfélagssviðs
Þórgnýr Dýrfjörð forstöðumaður Akureyrarstofu**

**Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri**

Efni: Endurnýjun samstarfssamnings Menningarsjóðs Akureyrar og Flugsafns Íslands

Í lok árs 2019 var undirritaður samstarfssamningur milli Menningarsjóðs Akureyrar og Flugsafns Íslands og var sá samningur til þriggja ára, þ.e. frá 2019 til 2021. Styrkupp hæð Akureyrarstofu til safnsins hljóðaði upp á 300.000 kr. á ári. Samningurinn rennur út 31. desember 2021.

Fyrir hönd Flugsafnsins þakka ég Akureyrarbæ kærlega fyrir veittan stuðning við safnið undanfarin ár. Styrkurinn hefur verið með til að renna styrkari stoðum undir rekstur og faglegt starf safnsins og fyrir það ber að þakka.

Með þessu bréfi óska ég eftir viðræðum um endurnýjun samstarfssamnings og áframhaldandi stuðningi Akureyrarbæjar við Flugsafn Íslands.

Með vinsemd og virðingu,

Steinunn María Sveinsdóttir
safnstjóri